



**207. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

**Forföll: Lárus Blöndal varaforseti og Gústaf Adolf Hjaltason 1. varamaður.**

### **1. Ólympísk verkefni**

#### **EYOWF í Brasov**

Rætt um nýafstaðna Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem haldin var í Brasov í Rúmeníu. Hátíðin gekk vel og voru keppendur og fararstjórn ánægð með hvernig til tókst. Forseti og framkvæmdastjóri voru viðstödd setningarhátíð leikanna. Skýrsla aðalfararstjóra verður lögð fyrir á næsta fundi.

#### **Smáþjóðaleikar**

Rætt um undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana í Luxemborg í júní. Aðalfararstjóra- og tæknifundur verður haldinn 29. mars nk. og mun sendinefnd ÍSÍ á fundunum verða stærra lagi í ljósi þess að ÍSÍ mun halda næstu leika árið 2015. Fulltrúar ÍSÍ verða Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Friðrik Einarsson, Guðmundur Harðarson, Andri Stefánsson og Óskar Örn Guðbrandsson.

#### **ÓL Sochi 2014**

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri sóttu aðalfararstjórafund í Sochi í byrjun febrúar. Undirbúningur gengur vel og uppbygging aðstöðu er á áætlun. Þau funduðu með tengiliðum Íslands varðandi ýmis mál er lúta að undirbúningi þátttöku Íslands í leikunum. Einnig funduðu þau með fulltrúa íslenska sendiráðsins í Moskvu en fyrirhugað er samstarf á milli norrænu sendiráðanna í Rússlandi. Norska sendiráðið í Sochi mun aðstoða ÍSÍ á meðan á leikunum stendur.

Friðrik Einarsson upplýsti að næsti upplýsingafundur með sérsamböndum ÍSÍ vegna ólympískra verkefna yrði 8. mars nk. kl. 12:00.

### **2. Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að grunnundirbúningur gengi vel og búið væri að halda einn fund í stóru skipulagsnefndinni. Verið væri að smíða grindina og þegar þeirri vinnu lyki þá yrði farið í að manna nefndir og ráð. Kominn væri stöðulisti varðandi keppnisaðstöðu. Næsti fundur í skipulagsnefnd er áætlaður um miðjan mars.

### **3. 71. Íþróttáþing ÍSÍ**

Forseti fór yfir stöðu mála í undirbúningi fyrir Íþróttáþing. Hann hvatti fundarmenn til að íhuga mögulegar tillögur til þings og koma hugmyndum á framfæri við framkvæmdastjóra til úrvinnslu.

### **4. Heiðranir**

Samþykkt að veita eftirtöldum einstaklingum Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar:

Margrét Björnsdóttir – Gullmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu UMSK og siglingaíþróttarinnar. Merkið verður afhent á ársþingi UMSK síðar í dag.

Magnús Ólafsson – Heiðurskross ÍSÍ fyrir störf í þágu júdó og körfuknattleiks. Krossinn verður afhent á ársþingi JSÍ 13. apríl nk.

## 5. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 206. fundur framkvæmdastjórnar
- 3., 4., 5., 6. og 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Verkefnasjóður frá 24. janúar 2013. **Tillögur um styrkveitingar samþykktar.**
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 31. janúar 2013
- Laganefndar frá 18. febrúar

## 6. Viðburðir

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru. Fundarmenn skráðu sig á ársþing sambandsaðila.

## 7. Næstu fundir

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 21. mars kl. 15:00.

## 8. Önnur mál

### Málþing um hagræðingu úrslita

Forseti skýrði frá málþingi sem ÍSÍ og Íslenskar getraunir standa fyrir 6. mars nk. kl. 12:00 um hagræðingu úrslita í íþróttum. Forseti verður með erindi á málþinginu ásamt fleiri fyrirlesurum um þá ógn sem steðjar að íþróttahreyfingunni á heimsvísu í formi hagræðingu á úrslitum í tengslum við veðmálastarfsemi.

### Frumvarp um happdrættisstofu

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá fundi vegna frumvarps um happdrættisstofu.

### Ársreikningur ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði lauslega frá fyrstu niðurstöðum úr endurskoðun á ársreikningi ÍSÍ. Ársreikningurinn verður lagður fyrir til kynningar á næsta fundi.

### Felix

Rætt um Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Gjaldkeri skýrði frá því að bæði samtökin hyggðust leggja fram samræmda tillögu á sínum þingum varðandi fjármögnun á rekstri kerfisins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.